

## Samandregnar niðurstöður úr vinnufundi vegna stefnumótunar í ferðapjónustu Patreksfjörður 3. mars 2016

Eftirfarandi samantekt verður hluti þeirra grunngagna sem Ferðamálasamtök Vestfjarða munu nota til þess að móta stefnu fyrir ferðamál á Vestfjörðum. Samantektin inniheldur þau atriði sem komu fram í vinnuhópum á Patreksfirði á fundi þann 3. mars 2016.

### Einkenni svæðisins

Landfræðileg einkenni: hafið, fjöllin, firðir, fuglabjörg og heitar laugar.

Einkenni af náttúrunnar hendi: ósnortin náttúra, hvítur sandur, surtarbrandur, víðerni.

Einkenni sem hafa skapast; kyrrð, friðsæld, fámenni, söfn og sýningar, Gísli á Uppsölum.

### Einkennisstaðir

Þeir staðir sem einkenna svæðið eru:

**Látrabjarg, Rauðasandur, Dynjandi, Ketildalir, Vatnsfjörður, Suðureyri í Tálknafirði, Hnjótur, Arnarfjörður, Selárdalur.**

### Aðdráttarafli sem hægt er að byggja upp

Til framtíðar litið þá eru fyrrgreindir einkennisstaðir þeir sem hægt verður að byggja á en því til viðbótar verður horft til eftirfarandi atriða með tækifæri til uppbyggingar í huga (raðað eftir því hversu oft þau voru til umræðu milli hópa):

- Matur úr héraði
- Surtarbrandsnámur í Arnarfirði
- Eyjarnar á Breiðafirði
- Keflavík
- Kollsvík
- Smalamennska
- Smiðjan á Bíldudal
- Frönsku sjómennirnir – safn og saga franskra sjómanna
- Siglunes
- Vetraríþróttir
- Refur
- Fuglaskoðun
- Sjórnæningjahúsið
- Vatneyrarbúðin
- Suðureyri
- Ketildalir
- Mórudalur
- Heitar laugar - pollurinn

Nánar er fjallað um aðgerðir í næstu köflum.

## Aðgerðir til að byggja upp sértæka staði eða þætti

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem fundargestir töldu nauðsynlegt að vinna að til að efla þá staði eða þætti sem búið er að gera grein fyrir.

Listanum er raðað eftir forgangs röðun þátttakenda í vinnuhópum.

- Á Látrabjargi þarf að gera göngustíga, laga aðgengismál og samgöngur á bjargið. Það þarf meiri þjónustu, viðhald og grunnþjónustu t.d. salerni á staðinn. Verkefnið er erfitt vegna landeiganda og þeirra krafna og friðlýsinga.
- Á Rauðasandi þarf að laga vegi, merkingar, bílastæði, merkja gönguleiðir og verða með betri aðkomu fyrir ferðamenn.
- Á Dynjanda er verið að framkvæma mikið en það þarf að bæta útsýnispalla, bílastæði og salernisaðstöðu.
- Í Vatnsfirði er verið að finna fjármuni í rammaskipulag en það þarf að merkja gönguleiðir og gera bílastæði.
- Fyrir vetraríþróttir er verið að koma upp grunngerð fyrir gönguskíði með kaupum á troðara en það þarf að auka skipulag í kringum vetraríþróttir á svæðinu.
- Það þarf að bæta vegasamgöngur í Selárdal.

## Almennar aðgerðir

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem fundargestir töldu nauðsynlegt að vinna að til að efla ferðaþjónustu almennt.

- Auka samvinnu milli allra þeirra sem koma að ferðaþjónustu á einn eða annan hátt, t.d. milli ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga og veitingarstaða.
- Uppbygging innviða fjármagnaða af stjórnvöldum.
- Það þarf að fara í vöruþróun t.d. á sjósporti og hestaferðamennsku.
- Umhverfisvitund og gæðamál þurfa að vera í fararbroddi t.d. með því að nota Vakann.
- Lengja þarf opnunartíma þjónustustaða innan ársins.
- Aukið markaðsstarf.
- Vinna þarf gegn svartri atvinnustarfsemi.
- Auka jákvætt umtal.